

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 8/2023

Fundarstaður: Viðey, Eiríksstöðum og á Teams

Fundartími: 26. apríl 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Helga Eyjólfsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Guðrún I Gylfadóttir (varamaður BG) og Pétur S. Gunnarsson, Eva Ágústsdóttir, Hlíf

Steingrímsdóttir, Rannveig Einarsdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Björn Guðbjörnsson, Sif Ormarsdóttir og Örvar Gunnarsson

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 7/2023

Fundargerðin samþykkt

3) Kynning á tillögum L-lyfjahóps

Einstaklingsbundin greiðsluþáttaka

Ekki eru ekki gerðar athugasemdir við tillögur L-lyfjahóps og þær teljast því samþykktar

4) Umsagnir um leyfisskyldu

Lyfjanefnd mun óska eftir leyfisskyldu fyrir eftirfarandi lyf:

Selumetinib (Koselugo) – *nýtt lyf*

Ramucirumab (Cyramza) – *nýtt lyf*

5) Uppfærð gæðaskjöl lyfjanefndar

Lögð eru fram drög að endurskoðuðum gæðaskjölum um einstaklingsbundna greiðsluþáttöku annars vegar og umsagnir lyfjanefndar hins vegar.

Markmiðið var að gæðaskjölin væru einfaldari, hnitmiðaðri og lýstu betur verklagi. Tvö gæðaskjöl, um umsagnir um leyfisskyldu og umsagnir um greiðsluþáttöku, hafa nú verið sameinuð í eitt skjal.

Drög að gæðaskjali um einstaklingsbundna greiðsluþáttöku verða send í yfirferð til lögfræðings áður en þau verða birt þar sem um stjórnsluákvæðanir er að ræða.

Engar athugasemdir gerðar og gæðaskjölin teljast því samþykkt með þeim fyrirvara að ekki verði gerðar efnislegar breytingar á þeim við yfirlestur.

Skóðað verður að setja verklag um ferla sem fara í gang þegar einstaklingsbundin greiðsluþáttaka hefur verið samþykkt til að meðferð gangi snurðulaust fyrir sig en fleiri aðilar þurfa að koma að því en lyfjanefnd.

GKP vîkur af fundi kl. 15:00

6) Fundadagskrá – haust 2023

Drög að fundadagskrá haustsins lögð fram. Engar athugasemdir gerðar og fundarboð verða send út í samræmi við hana.

7) Önnur mál

Fundi slitið kl. 15:04